

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Útlendingum, sem eru hvorki EES-/EFTA-borgarar né ríkisborgarar Andorra, Mónakó, San Marínó eða Vatíkansins, er óheimilt að koma til landsins þrátt fyrir að þeir fullnægi skilyrðum sem fram koma í 5. gr. reglugerðarinnar og 106. gr. laga um útlendinga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa gilt dvalarleyfi eða annars konar dvalar- eða búseturétt hér á landi, í öðru EES-/EFTA-ríki eða í Andorra, Mónakó, San Marínó eða Vatikaninu og aðstandendur þeirra.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um aðstandendur íslenskra ríkisborgara, EES-/EFTA-borgara eða ríkisborgara Andorra, Mónakó, San Marínó eða Vatíkansins.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem eru í nánú parsambandi, sem staðið hefur um lengri tíma, með íslenskum ríkisborgara eða einstaklingi sem er löglega búsettur hér á landi.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa sannanlega búsetu í einu af þeim ríkjum eða sjálfstjórnarsvæðum sem ráðherra hefur sérstaklega undanþegið frá ferðatakmarkunum og eru að koma til landsins frá viðkomandi ríki. Ákvörðun ráðherra skal vera í samræmi við gildandi tilmæli ráðherraráðs Evrópusambandsins um undanþegin ríki og skal birta lista yfir þau ríki sem undanþegin eru ferðatakmarkunum hverju sinni á vefsíðu landamærasviðs ríkislögreglustjóra.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem geta framvísað vottorði um bólusetningu eða vottorði um að COVID-19 sýking sé afstaðin í samræmi við 6. gr. reglugerðar um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Ákvæði þetta á þó ekki við um útlendinga sem sem koma frá eða dvalið hafa í meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum í eftirtöldum ríkjum: Botsvana, Esvatíní, Lesótó, Mósambík, Namibíu, Simbabve og Suður-Afríku.

Ákvæði 1. mgr. á ekki heldur við um útlendinga sem koma til landsins vegna brýnna erindagjörða, þ. á m. eftirtalda aðila:

- a. Farþega í tengiflugi.
- b. Starfsfólk á sviði heilbrigðisþjónustu og öldrunarþjónustu.
- c. Starfsfólk sem sinnir flutningum á vöru og þjónustu.
- d. Einstaklinga sem hafa þörf á alþjóðlegri vernd.
- e. Einstaklinga sem þurfa að ferðast vegna brýnna aðstæðna í fjölskyldu sinni.
- f. Einstaklinga og sendinefndir sem koma til landsins á vegum íslenskra stjórnvalda, starfsmenn sendiskrifstofa og aðra fulltrúa erlendra ríkja, starfsmenn alþjóðastofnana og einstaklinga í boði þeirra sem þurfa að koma til landsins vegna starfsemi þessara stofnana, fulltrúa herliðs, og starfsmenn sem sinna mannúðaraðstoð og almannavörnum og fjölskyldur framangreindra aðila.
- g. Námsmenn.
- h. Einstaklinga sem þurfa nauðsynlega að ferðast vegna viðskipta eða starfa sem eru þess eðlis að þau er ekki hægt að framkvæma síðar eða erlendis.

Ákvæði g- og h-liðar 7. mgr. eiga ekki við um útlendinga sem koma frá eða dvalið hafa í meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum í eftirtöldum ríkjum: Botsvana, Esvatíní, Lesótó, Mósambík, Namibíu, Simbabve og Suður-Afríku.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 328/2021.

Dómsmálaráðuneytinu, 2. desember 2021.

Jón Gunnarsson

innanríkisráðherra.

Haukur Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.